

Fundargerð
360. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 14. nóvember 2018, kl. 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Fjarverandi
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Aðalfundur Vesturlandsdeildar í Borgarnesi 31. október
 - Ný stjórn
4. Aðalfundur Vestfjarðadeildar á Ísafirði 8. nóvember
 - Formaður og stjórn endurkjörin
5. Heilbrigðisþing 2. nóvember – áherslur SLFÍ
6. Námsstefnan í Borgarnesi, áherslur og aðalatriði
7. Hermann I Finnbjörnsson frá Ap-Media/Dorado fer yfir framtíðaráform samstarfsins
8. Desemberblað SLFÍ í vinnslu, helstu efnistöð - Vaktabókin
9. Stjórnandi ársins – kynning á kjörinu til trúnaðarmanna
10. Starfslokanámskeið
11. Stofnanasamningar

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar. Fram kom að Kristín Ólafsdóttir varaformaður væri erlendis.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Aðalfundur Vesturlandsdeildar í Borgarnesi 31. október

SBF fór yfir að á aðalfundi Vesturlandsdeildar, sem hún mætti á hafi alfarið verið skipt um stjórn og inn hafi komið fulltrúar frá Akranesi. Formaður stjórnar er Inga

Lilja Sigmarsdóttir, sem starfar á HVE. Aðalfundurinn var fjölmennur, gekk mjög vel og mikil jákvæðni ríkti.

4. Aðalfundur Vestfjarðadeildar á Ísafirði 8. nóvember

SBF fór yfir að hún hefði farið á aðalfundinn og nýtt ferðina í leiðinni til að hitta sem flesta sjúkraliða og stjórnendur sjúkraliða á svæðinu. Aðalfundurinn gekk mjög vel, var vel sóttur og stjórnin var endurkjörin.

5. Heilbrigðisþing, haldið 2. nóvember – áherslur Sjúkraliðafélags Íslands

SBF gerði grein fyrir að hún og GÖG hafi settið heilbrigðisþingið. Þingið var að mörgu leyti áhugavert, þ.s. m.a. var lagt upp með að móta framtíðarsýn í heilbrigðismálum til 2030. Þingið var brotið upp með pallborðsumræðum og erindum sem voru mörg mjög áhugaverð. Í pallborðunum voru ýmsir aðilar s.s. eins og unglæknar, lækningar, unghjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræðingar og formenn stéttarfélaganna þessara stétta, en engin fulltrúi sjúkraliða. Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um mikilvægi sjúkraliðastéttarinnar, skortinn á henni og að áherslu eigi að leggja á að fjölga í stéttinni þá sást það ekki á dagskrá ráðstefnunnar eða umræðunni.

6. Námsstefna í Borgarnesi – áherslur og aðalatriði

SBF gerði grein fyrir að allflestir í kjaramálanefnd félagsins hefðu tekið þátt í þriggja daga Námsstefnu í Borgarnesi, þ.s. farið var yfir fjölda atriða sem skipta máli við gerð samninga. Fjölmargir sérfræðingar voru með erindi og verkefni, sem voru mjög áhugaverð og margt forvitnilegt var kynnt og rætt. Góður rómur var gerður af náminu og talið jákvætt að fulltrúar fjölbreyttra stéttarfélaganna, viðsemjenda og fulltrúar ríkissáttasemjara vinni saman í afslöppuðu umhverfi.

7. Hermann I Finnbjörnsson frá Ap-Media/Dorado fer yfir framtíðaráform samstarfsins

SBF bauð Hermann velkominn á fundinn. HIF fór yfir þeirra framtíðarsýn og þá stöðu sem væri uppi vegna breyttra persónuverndarlaga. HIF fór yfir helstu nýjungar sem eru í þróun og uppfærslu hjá þeim fyrir stéttarfélögin. Óskað er eftir að SLFÍ stuðli að og styðji við þróunarvinnunni með láni til þriggja ára eða fyrirframgreiðslu á þjónustu. Málið rætt og ákveðið að skoða frekar og ákvörðun tekin síðar.

8. Desemberblað SLFÍ, helstu efnistösk – Vaktabókin

GÖG fóru yfir þau efnistösk blaðsins sem liggja fyrir. Fram kom að nýtt efni verði í blaðinu frá fulltrúa í ritnefnd, sem er einhverskonar úrlausnarefni sem verðlaunað verður fyrir. Annað efni er hefðbundið. Vaktabókin er komin í vinnslu og reiknað er með að Reykjavíkurdæildin sjái um pökkun og frágang hennar og bókin dreifist síðan með blaðinu eins og undanfarin ár.

9. Stjórnandi ársins – kynning á kjörinu til trúnaðarmanna félagsins

GÖG og SBF fóru yfir að síðastliðin ár hafi sjúkraliðar valið/bent á fyrirmýnda stjórnendur víðsvegar um landið með góðum rökstuðningi. Ábendingarnar hafa farið fyrir nefnd á vegum félagsins þ.s. einn stjórnandi er valinn og í framhaldi er hann verðlaunaður af félaginu og kynntur í desemberblaðinu. Allir sammála um að slík jákvæð nálgun sé góð og eigi að vera árlegur viðburður.

10. Starfslökanámskeið

SBF fór yfir að fyrirhugað væri að vera með starfslökanámskeið á vegum BSRB eða Sjúkraliðafélags Íslands. JT benti á að ákveðnir vinnustaðir haldi einnig slík námskeið. Málið verði skoðað frekar.

Önnur mál

- Rætt var um hvort mögulegt væri að halda félagsstjórnarfund og trúnaðarmannráðsfund 13. og 14. febrúar 2109. Ákveðið að vera á þessum tíma.

Fundi slitið kl. 16.43